



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 30. október 2025

SFS24050122

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurnum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfslokasamninga 2015-2025

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fyrirspurnin var jafnframt ítrekuð á fundi skóla- og frístundaráðs 5. maí 2025 og lagt var fram svar við henni á fundi skóla- og frístundaráðs 12. maí 2025:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir við skólastjórnendur og stjórnendur skóla- og frístundasviðs á tímabilinu 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2024? Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar við hvern starfslokasamning á föstu og gildandi verðlagi? Hversu háa upphæð hefur þurft að greiða fyrir starfslok á þessu tímabili á föstu og gildandi verðlagi? Hversu langur er hver starfslokasamningur sem skóla- og frístundasvið hefur gert við stjórnendur? Hvert er starfsheiti og aldur starfsmanns á bakvið hvern starfslokasamning? Hvaða skýring liggur að baki hverjum starfslokasamningi að þessi leið er valin? Er fjöldi starfslokasamninga við stjórnendur skóla- og frístundasviðs hjá Reykjavíkurborg sambærilegur við nærliggjandi sveitarfélög? Hversu margir skólastjórnendur hafa sagt upp störfum á tímabilinu 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2024?

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. maí 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. maí 2025 var lagt fram svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um starfslokasamninga tímabilið 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2024. Svar við hluta af fyrirspurninni var ekki svarað og því ítrekað hér að lagt verði fram svar við neðangreindum fyrirspurnum sem ekki var svarað, það er, hvert er starfsheiti og aldur starfsmanns á bakvið hvern starfslokasamning? Og hvaða skýring liggur að baki hverjum starfslokasamningi að þessi leið er valin?

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. maí 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir við skólastjórnendur og stjórnendur skóla- og frístundasviðs á tímabilinu 16. maí 2024 til og með 15. maí 2025? Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar við hvern starfslokasamning á föstu og gildandi verðlagi? Hversu háa upphæð hefur þurft að greiða fyrir starfslok á þessu tímabili á föstu og gildandi verðlagi? Hversu langur er hver starfslokasamningur sem skóla- og frístundasvið hefur gert við stjórnendur? Hvert er starfsheiti og aldur starfsmanns á bakvið hvern starfslokasamning? Hvaða



Reykjavík



skýring liggur að baki hverjum starfslokasamningi að þessi leið er valin? Hversu margir skólastjórnendur hafa sagt upp störfum á tímabilinu 16. maí 2024 til og með 15. maí 2025?

Svar:

Hér eru dregin saman svör við þessum fyrirspurnum.

Gert hafa verið samkomulag um starfslok við 13 stjórnendur í leikskólum og grunnskólum frá 1. janúar 2015 til 15. maí 2025.

Í fimm tilfellum af þessum 13 var viðkomandi stjórnandi að nálgast starfslok vegna aldurs og kominn í veikindaleyfi og fyrirséð að viðkomandi ætti ekki afturkvæmt í starfið og var því niðurstaðan að komast að samkomulagi um starfslok svo hægt væri að auglýsa stöðuna til framtíðar.

Í hinum átta tilfellunum var lífaldur viðkomandi á bilinu 44-60 ára og var um að ræða hagsmunamat þar sem aðilar voru sammála um forsendur fyrir viðkomandi til þess að stýra skólanum voru ekki lengur til staðar hvort sem það var út frá aðstæðum á staðnum og/eða annað sem upp kom í tengslum við stjórnandann og stjórnun skólans.

Sjá nánar um kostnað og lengd samkomulags í töflu.

	Fast verðlag		Verðlag 2025		Lengd samkomulags
	Laun	Með launat.gjöld	Laun	Með launat.gjöld	
Nr.1	10.848.989	13.344.256	12.493.163	15.366.590	6 mánuðir
Nr.2	10.037.173	12.345.723	11.558.315	14.216.728	5 mánuðir
Nr.3	16.635.740	20.461.960	19.783.262	24.333.412	15 mánuðir
Nr.4	19.904.640	24.482.707	26.128.299	32.137.808	13 mánuðir
Nr.5	20.437.626	25.138.279	28.212.224	34.701.035	18 mánuðir
Nr.6	20.388.769	25.078.186	22.202.360	27.308.903	15 mánuðir
Nr.7	18.159.816	22.336.574	25.231.414	31.034.639	16 mánuðir
Nr.8*	25.000.000	30.000.000	38.000.000	45.600.000	22 mánuðir
Nr.9	15.220.383	18.721.071	17.231.698	21.194.989	15 mánuðir
Nr.10	25.085.780	30.855.509	30.309.579	37.280.782	18 mánuðir
Nr.11	22.743.980	27.975.095	28.747.635	35.359.592	17 mánuðir
Nr.12	17.478.181	21.478.181	17.478.181	21.478.181	15 mánuðir





Nr.13	22.482.129	27.653.018	22.482.129	27.653.018	19 mánuðir
	244.423.206	299.870.559	299.858.259	367.665.676	

*Þar sem umrætt samkomulag var gert áður en SAP launakerfið var innleitt liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um kostnað og er því um að ræða áætlun út frá lengd samkomulagsins.





Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað vegna samkomulaga um starfslok hjá öðrum sveitarfélögum.

Frá 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2025 sögðu 101 skólastjórnandi á skóla- og frístundasviði upp störfum sem stjórnandi í viðkomandi leik- eða grunnskóla. Þrettán af þessum stjórnendum fóru í önnur stjórnendastörf á skóla- og frístundasviði, t.d. í aðra skóla, og 43 af þessum 101 hættu vegna aldurs og/eða veikinda.

Hvorki, í lögum né kjarasamningum, er lagt bann við því að sveitarfélög semji um fyrirkomulag starfsloka við starfsmenn sína. Hins vegar hafa kjarasamningar ekki að geyma ákvæði um slíkt samkomulag. Hins vegar er ljóst að stjórnsýsluframkvæmd er með þeim hætti að sveitarfélög semja um fyrirkomulag starfsloka starfsmanna sinna. Mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að veita eigi stjórnendum heimild, í kjarasamningum, til að semja um starfslok viðkomandi starfsmanna án þess þó að starfsmaður missi umsamin réttindi sín, s.s. lífeyrisréttindi. Þannig er komið til móts við þarfir og hagsmuni beggja, starfsmannsins og Reykjavíkurborgar. Enn fremur er lögð áhersla á að unnið verði að samræmdu verklagi Reykjavíkurborgar, þvert á svið, um gerð slíkra samkomulaga og er slíkt verklag í vinnslu hjá Reykjavíkurborg.

